

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 926 (24.10.2019) - Leiðrétting á viðaukabeiðni heilsueflandi samfélag apríl 2019

Málsnúmer : 201904030

Málsaðili : Íþrótt- og æskulýðsráð

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 24.10.2019

Inngangur : Frá sveitarstjóra; leiðrétting viðauka vegna heilsueflandi samfélag.

Á 903. fundi byggðaráðs var tekið fyrir erindi frá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, dagsett þann 3. apríl 2019, þar sem óskað var eftir viðauka við fjárhagsáætlun 2019 að upphæð kr. 876.053 vegna fundabóknana stýrihóps um Heilsueflandi samfélag, deild 06030. Lagt var til að viðaukanum yrði mætt af lið 06030-4915 þannig að nettó áhrifin eru 0.

Óskað er eftir leiðréttingu á viðauka þar sem fjárhæð færslu á milli liða hafi átt að vera kr. 326.520.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ofangreinda leiðréttingu á viðauka vegna Heilsueflandi samfélags.